

Lækjargata 2 - Dvergur

Samkeppni – byggingaréttur
Forval



Verkkaupi:
Hafnarfjarðarbær
20. febrúar 2017

EFNISYFIRLIT

0.	FORVALSSKILMÁLAR	2
0.1	FORVALSYFIRLIT	2
0.1.1	Auglýsing um forval	2
0.1.2	Forvalsyfirlit - tímaáætlun	2
0.1.3	Yfirlit yfir verkefnið	3
0.1.4	Samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og bjóðanda	5
0.1.5	Kynningarfundur - vettvangsskoðun	5
2.0	UPPLÝSINGAR UM SAMNINGSAÐILA	5
0.2.1	Samningsaðili	5
0.2.2	Ráðgjafar	6
3.0	FORVALSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR - STAÐLAR	6
0.3.1	Forvalsgögn	6
0.3.2	Skýringar á forvalsgögnum	6
0.3.3	Lög, reglugerðir, staðlar og leiðbeiningar	6
0.3.4	Frávik frá stöðlum	6
0.3.5	Lykilstarfsmenn	6
0.3.5	Tungumál	7
0.4	GERÐ OG FRÁGANGUR UMSÓKNAR	7
0.5	FYLGIGÖGN MEÐ UMSÓKN	7
0.5.1	Upplýsingar um umsækjanda – formblað A1	7
0.5.2	Upplýsingar um fjárhagsstöðu umsækjanda formblað A2	8
0.5.3	Almennt um lykilstarfsmenn á sviði hönnunar	9
0.5.4	Hönnunarstjóri – Formblað A3	9
0.5.5	Arkitekt – Formblað 4	10
0.5.6	Landslagsarkitekt – Formblað A5	10
0.5.7	Verkfræðihönnun, burðarvirki – Formblað A6	10
0.6	SKIL, MEÐFERÐ OG MAT	10
0.6.1	Auðkenni umsóknar	10
0.6.2	Skilafrestur og opnun umsókna	11
0.6.3	Meðferð og mat á umsóknum	11
0.6.4	Þóknun fyrir gerð tilboðs	11
0.6.5	Forvalsnefnd	11
	VIÐAUKI 1: GÁTLISTI	12
	VIÐAUKI 2: FORMBLÖÐ	13

0. FORVALSSKILMÁLAR

0.1 FORVALSYFIRLIT

0.1.1 Auglýsing um forval

Hafnarfjarðarbær óskar eftir umsóknum um þátttökurétt í lokuðu útboði á byggingarrétti á lóðinni Lækjargata 2, Hafnarfirði.

Verkefni þess aðila sem samið verður við, er að hann á sinn kostnað vinni nýtt deiliskipulag sbr. skipulagsforsögn Hafnarfjarðarbæjar, hanni og byggji þar nýjar byggingar með öllum frágangi að utan sem innan og fullbúinni lóð.

Umsækjendur um þátttöku skulu skila inn upplýsingum samkvæmt forvalsgögnum þessum, m.a. um reynslu og fjárhag ásamt upplýsingum um ráðgjafateymi sitt.

Fjöldi þátttakenda verður takmarkaður við 5 og verði umsækjendur fleiri, verður dregið á milli hæfra umsækjenda.

Bjóðandi sem tekur þátt í útboðinu, skal leggja fram með tilboði sínu, samkeppnistillögu að nýtingu lóðar, deiliskipulagi og byggingum, ásamt verðtilboði (greiðslu) fyrir byggingarrétt.

0.1.2 Forvalsyfirlit - tímaáætlun

Eftirfarandi tímaáætlun er fyrir verkefnið:

Auglýst eftir þátttakendum	25. febrúar 2017
Skilafrestur og opnun umsókna um þátttöku	14. mars 2017, kl. 11.00
Þátttakendur valdir og tilkynning send út	21. mars 2017
Útboðsgögn send út til þátttakenda	31. mars 2017
Kynningarfundur með þátttakendum	5. apríl 2017
Fyrirspurnatíma lýkur	2. maí 2017
Svarfrestur rennur út	5. maí 2017
Skilafrestur tilboða - tillagna	15. maí 2017, kl. 11.00
Opnun verðtilboða	2. júní 2017, kl. 11.00
Val á tillögu kynnt	9. júní 2017
Samningur við bjóðanda	23. júní 2017
Lokið við að rífa hús (Dverg)	30. september 2017
Lok framkvæmdatíma	1. september 2019

0.1.3 Yfirlit yfir verkefnið


Í útboði um byggingarrétt skal bjóðandi láta vinna hugmyndir að nýju deiliskipulagi á reitnum, ásamt byggingum. Hugmyndir að skipulagi og lausnum mun hafa ákveðið vægi í mati á mótí verðtilboði.

Hlutverk þess aðila sem samið verður við, um byggingarréttinn, er að vinna nýtt deiliskipulag, hanna nýjar byggingar, byggja þær með öllum frágangi utan sem innan og ganga frá fullbúinni lóð innan lóðamarka.

Lóðin Lækjargata 2 er samkvæmt lóðablaði 873 m² (mynd 1) og baklóðir frá Suðurgötu (mynd 2) eru um 1.026 m² og 355 m² þannig að lóð sem er í boði er um 2.254 m². Eftir er að gera mæliblað af lóðinni með nákvæmum málsetningum og getur flatarmál lóðar breyst við það. Miða skal þó við að lóðin verðir ekki undir 2.100 m².

Á lóðinni stendur nú svokallað Dvergshús, fastanúmer í þjóðskrá 207-7601 til 7611, 3ja hæða steinhús byggt árið 1965, samtals að flatarmáli 2.433 m², sjá nánar teikningar af vef Hafnarfjarðarbæjar.


Hafnarfjarðarbær sem verkkaupi mun láta rífa núverandi byggingu sem er á lóðinni. Jafnframt mun Lækjargatan endurnýjuð að Brekkugötu.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

0.1.4 Samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og bjóðanda

Þegar Hafnarfjarðarbær hefur metið tilboð bjóðenda með tilliti til gæða og verðs og tilkynnt bjóðendum niðurstöðu útboðsins með formlegum hætti, þá mun hann að liðnum tilskyldum fresti tilkynna þeim bjóðanda sem á hagstæðasta tilboð, að hans tilboði sé tekið og telst þá kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30:2012.

Gerður verður skriflegur samningur um verkefnið.

0.1.5 Kynningarfundur - vettvangsskoðun

Boðið verður upp á kynningarfund, þar sem væntanlegum bjóðendum gefst kostur á að skoða núverandi byggingu og umhverfi hennar. Tímasetning kynningarfundar er samkvæmt gr. 0.1.2 Forvalsyfirlit – tímaáætlun.

2.0 UPPLÝSINGAR UM SAMNINGSADILA

0.2.1 Samningsaðili

Samningsaðili: Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579
 Norðurhelli 2, 221 Hafnarfjörður

Verkefnastjóri Þormóður Sveinsson
thormodurs@hafnarfjordur.is

0.2.2 Ráðgjafar

Ráðgjafi við gerð útboðsgagna: VSB Verkfræðistofa ehf.

Verkefnastjóri ráðgjafa Stefán B. Veturliðason
stefan@vsb.is

3.0 FORVALSGÖGN – LÖG – REGLUGERÐIR - STAÐLAR

0.3.1 Forvalsgögn

Forvalsgögn verða send í tölvupósti þeim umsækjendum sem þess óska.

Til forvalsgagna teljast:

- Forvalsskilmálar þessir, pdf. skjal, dags. í febrúar 2017.
- Word skjal með formblöðum.
- Skipulagsforsögn fyrir Lækjargötu 2, dags. 17. október 2016.

0.3.2 Skýringar á forvalsgögnum

Óski umsækjandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á forvalsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim, skal hann senda skriflega fyrirspurn eigi síðar en kemur fram í grein 0.1.2 Forvalsyfirlit – tímaáætlun.

Fyrirspurn skal senda á netfangið thormodurs@hafnarfjordur.is merkt Lækjargata 2 – Forval.

Fyrirspurnir sem berast síðar en tiltekið er verða ekki teknar til greina. Svör við fyrirspurnum verða sendar í tölvupósti til þátttakenda eigi síðar getið er í grein 0.1.2 Forvalsyfirlit – tímaáætlun. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af forvalsgögnum.

0.3.3 Lög, reglugerðir, staðlar og leiðbeiningar

Ráðgjafi skal fara í einu og öllu eftir ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hönnun og verklegar framkvæmdir.

0.3.4 Frávik frá stöðlum

Stangist ákvæði ÍST-30 eða ÍST-35 á við ákvæði forvalsskilmála þessa skulu ákvæði staðlanna víkja.

0.3.5 Lykilstarfsmenn

Gerð er krafa um að umsækjendur tilnefni lykilstarfsmenn hönnunar samanber kafla 0.5.3 - 0.5.7 Ekki er heimilt að skipta um þá lykilstarfsmenn sem teknir eru til mats í forvalinu nema sýnt sé fram á að nýr lykilstarfsmaður uppfylli hæfnisskilyrði þau sem mælt er fyrir um í

forvalslýsingunni og eiga við um þann lykilstarfsmann. Nýr lykilstarfsmaður er alltaf háður samþykki verkkaupa.

0.3.5 Tungumál

Allir lykilstarfsmenn umsækjanda, skulu hafa gott vald á íslensku, bæði talmáli og rituðu máli, þannig að samskipti og skilningur milli aðila sé ótvíræður. Í þessu felst að fundir fara fram á íslensku og öll gögn verða á íslensku.

Umsóknir í forvali þessu, sem og öll önnur gögn sem kunna að koma til, skulu vera á íslensku.

0.4 GERÐ OG FRÁGANGUR UMSÓKNAR

Umsækjandi leggur inn umsókn til þátttöku í væntanlegu útboði eins og lýst er í forvalsgögnum þessum.

Umsækjandi skal í umsókn sinni gera grein fyrir hæfni sinni til að vinna nýtt deiliskipulag, hanna byggingarnar og byggja. Hann skal skila inn ýtarlegum upplýsingum um hæfni og reynslu fyrirtækis/fyrirtækja og starfsmanna sinna og upplýsingum um fjárhagslegt hæfi sem Hafnarfjarðarbær getur notað til að meta hvort umsækjandi uppfylli kröfur um hæfi sem gerðar eru í forvalsgögnum þessum.

0.5 FYLGIGÖGN MEÐ UMSÓKN

Hæfi umsækjenda verður metið af verkkaupa út frá þeim gögnum sem þeir skila inn með umsókn sinni.

Umsækjendur skulu fylla út formblöð og skila inn fylgigögnum samkvæmt formblöðum í viðauka 2 og gátlista í viðauka 1.

Yfirlit - Formblöð A1 – A7:

Upplýsingar um umsækjanda	Formblað A1
Upplýsingar um fjárhagsstöðu umsækjanda	Formblað A2
Hönnunarstjóri	Formblað A3
Arkitekt	Formblað A4
Landslagsarkitekt	Formblað A5
Verkfræðihönnuður, burðarvirki	Formblað A6

0.5.1 *Upplýsingar um umsækjanda – Formblað A1*

Við mat á hæfni og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er Hafnarfjarðarbæ heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af verklegum framkvæmdum og leggja slíka hæfni og reynslu

að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldprot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

Þeir þátttakendur sem koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldar upplýsingar. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá þátttöku. Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál, ef þær eru þess eðlis.

- Síðast gerðum endurskoðuðum / árituðum ársreikningi árituðum án fyrirvara um rekstrarhæfi félags af löggiltum endurskoðanda.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem starfslið, reynslu yfirmanna og nafn þess starfsmanns, sem ber ábyrgð á og annast upplýsingagjöf vegna tilboðsins.
- Skrá yfir helstu verk og lýsing á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum.

0.5.2 *Upplýsingar um fjárhagsstöðu umsækjanda* **- Formblað A2**

Leggja skal fram almennar upplýsingar um fjárhagsstöðu umsækjanda sem lögaðila þannig að Hafnarfjarðarbær geti lagt mat á getu hans til að vinna verkefnið. Fjárhagslegt hæfi umsækjanda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann sendir inn með umsókn sinni, svo og annarra þeirra upplýsinga sem Hafnarfjarðarbær kann að óska eftir.

Fjárhagsstaða umsækjanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Hafnarfjarðarbæ, sbr. 49. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Með hliðsjón af áætluðu umfangi þeirra verkefna sem hér um ræðir skal umsækjandi sýna fram á fjárhagslegt hæfi sitt til að takast á við verkefnið, eftir því sem hér segir:

Vegna þátttöku í útboði á byggingarrétti, skal eigið fé umsækjanda að lágmarki vera 50 milljónir króna.

Umsækjandi getur fært sönnur á fjárhagslega getu sína með endurskoðuðum ársreikningum eða útdrætti úr þeim sem sýnir fram á framangreinda eiginfjárstöðu umsækjanda. Ef umsækjandi er ófær um

að leggja fram þessi gögn er honum heimilt að sýna fram á fjárhagslega getu sína með öðrum gögnum sem Hafnarfjarðarbær telur fullnægjandi.

Umsækjandi skal leggja fram gögn sem sýna fram á að þau atriði sem lýst er í 47. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup og útiloka þau frá gerð opinbers samnings eigi ekki við um þau.

Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að sannreyna upplýsingarnar.

Ofangreindu til stuðnings skal umsækjandi að lágmarki skila með umsókn sinni eftirfarandi gögnum samkvæmt formblaði A2:

- Staðfestingu á að umsækjandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu á að umsækjandi sé í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.
- Ársreikningar síðasta árs.

Hafnarfjarðarbær metur hvort fjárhagsleg gögn standist kröfur sem fram eru settar.

0.5.3 Almennt um lykilstarfsmenn á sviði hönnunar

Gerð er krafa um að umsækjandi tilnefni lykilstarfsmenn á sviði hönnunar og stjórnunar.

Við hönnun verksins skal uppfylla kröfu byggingarreglugerðar um að löggiltir hönnuðir geri uppdrætti hver á sínu sviði. Allir lykilstarfsmenn skulu hafa heimild ráðherra til að bera starfsheiti sitt ef um lögverndað starfsheiti er að ræða.

0.5.4 Hönnunarstjóri – Formblað A3

Umsækjandi skal tilnefna hönnunarstjóra sem ber ábyrgð á gerð deiliskipulags, samræmingu aðaluppdráttar, séruppdráttar og annarra hönnunargagna.

Gerð er krafa um arkitekta- eða verkfræðimenntun. Lágmarksmenntun er MS/MA gráða eða sambærileg stig menntunar.

Hönnunarstjóri skal hafa á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnun stórra bygginga og/eða byggingarklasa og búa yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði. Viðkomandi skal hafa 3 ára reynslu af stjórnun hönnunar.

Gerð er krafa um að hönnunarstjóri sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og að hann hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi. Hann mun annast innra eftirlit ráðgjafa við hönnun mannvirkis og árita uppdrætti verkefnisins.

0.5.5 Arkitekt – Formblað A4

Gerð er krafa um arkitektamenntun, lágmarksmenntun er MSc/MA gráða eða sambærileg menntun og að viðkomandi hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi.

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 3 ár að hönnun stórra bygginga og/eða byggingarklasa og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði.

0.5.6 Landslagsarkitekt – Formblað A5

Gerð er krafa um menntun í landslagsarkitektúr.

Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg menntun. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 3 ár að hönnun stórra og meðalstórra lóða og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði. Viðkomandi skal hafa 3 ára reynslu af stjórnun hönnunar.

0.5.7 Verkfræðihönnun, burðarvirki – Formblað A6

Gerð er krafa um menntun í byggingarverkfræði eða byggingatæknifræði.

Lágmarksmenntun er BSc/BA gráða eða sambærileg menntun. Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 5 ár að hönnun burðarvirkja fyrir stórar og meðalstórar byggingar og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði. Viðkomandi skal hafa 3 ára reynslu af stjórnun hönnunar.

0.6 SKIL, MEÐFERÐ OG MAT

0.6.1 Auðkenni umsóknar

Skila skal inn umsókn með öllum formblöðum og viðeigandi fylgiskjöllum í einu frumriti á pappír.

Skjöl sem skilað er inn með umsókn, þar með talin formblöð, skulu vera dagsett og undirrituð af umsækjanda og öðrum aðilum eftir því sem við á.

Umsóknir skal merkja og afhenda sem hér segir:

Hafnarfjarðarbær

Lækjargata 2 - Dvergur

Forval vegna útboðs á byggingarrétti

„Nafn umsækjanda“

Verkkaupi áskilur sér rétt til að vísa frá þeim umsóknum sem ekki eru sett fram á meðfylgjandi formblöðum eða í umslögum með fullnægjandi merkingu.

0.6.2 Skilafrestur og opnun umsókna

Umsóknir skulu hafa borist til Hafnarfjarðabæjar, Norðurhelli 2, 221 Hafnarfirði, eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í kafla 0.1.2 Forvalsýfirlit – tímaáætlun.

Allar umsóknir sem berast fyrir tilsettan tíma verða opnaðar og nöfn umsækjenda lesin upp í viðurvist þeirra umsækjenda sem þess óska. Umsóknir sem berast eftir tilsettan tíma verða ekki opnaðar.

0.6.3 Meðferð og mat á umsóknum

Forvalsnefnd fyrir hönd verkkaupa fer yfir öll innsend gögn ber þau saman við kröfur forvalsgagna og úrskurðar hvaða umsækjendur teljist hæfir samkvæmt skilgreindum kröfum.

Útboðið verður lokað og einungis þeim umsækjendum boðin þátttaka í útboði sem uppfyllt hafa kröfur forvals.

Hagstæðasta tilboði verður tekið, þ.e. það tilboð sem fær hæsta einkunn þar sem gæði hugmyndar og tilboðsverð er vegið saman.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að láta minni háttar vöntun eða minni háttar annmarka á formi gagna ekki hafa áhrif á gildi þeirra, enda hafi vöntunin eða annmarkinn að mati verkkaupa ekki áhrif á niðurstöðu forvals, jafnræði aðila sé ekki raskað og ógilding fæli í sér strangari ákvörðun en nauðsynlegt væri vegna eðlis og umfangs annmarkans. Þá áskilur verkkaupi sér rétt til að óska eftir frekari gögnum frá umsækjendum telji hann skort á upplýsingum stafa af augljósum mistökum eða misskilningi.

0.6.4 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Þjóðendum verður greitt kr. 1.000.000,- án virðisaukaskatts, þóknun fyrir gild tilboð, samkvæmt ákvæðum útboðsgagna.

0.6.5 Forvalsnefnd

Forvalsnefnd verkkaupa skipa eftirtaldir 5 aðilar:

- Tilnefndur af skipulags- og byggingarráði
- Tilnefndur af skipulags- og byggingarráði
- Þormóður Sveinsson, arkitekt
- Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt og skipulagsfræðingur
- Stefán B. Veturliðason, verkfræðingur.

Viðauki 1: gátlisti

Eftirfarandi upplýsingar **SKULU** fylgja og skal umsækjandi haka við hvern reit hér fyrir neðan til staðfestu og skila inn með umsókn sinni.

- Formblað A1 – Upplýsingar um umsækjanda
- Formblað A2 – Upplýsingar um fjárhagsstöðu umsækjanda
- Gögn sem sýna fram á að eigið fé umsækjanda uppfylli lágmarks skilyrði forvalsgagna, að lágmarki ársreikningur síðasta árs
- Staðfesting á að umsækjandi sé í skilum með opinber gjöld
- Staðfesting á að umsækjanda sé í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði
- Formblað A3 – Hönnunarstjóri, ásamt ferilskrá
- Formblað A4 – Arkitekt, ásamt ferilskrá
- Formblað A5 – Landslagsarkitekt, ásamt ferilskrá
- Formblað A6 – Verkfræðihönnuður, burðarvirki, ásamt ferilskrá

Viðauki 2: formblöð

Formblað A1
Upplýsingar um umsækjanda
Nafn umsækjanda:
Stofndagur:
Lýsing á rekstri:
Kennitala:
Heimilisfang:
Sími:
Netfang:
Tengiliður umsækjanda:
Netfang tengiliðar:

Ég undirritaður staðfesti hér með að upplýsingar í þessari umsókn eru sannar og réttar. Ég staðfesti að ég hef heimild til að skrifa undir fyrir hönd þeirra aðila er standa að umsókninni.

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A2**Upplýsingar um fjárhagsstöðu umsækjanda****Nafn umsækjanda:**

Hakið einungis við:

Eigið fé umsækjanda er að lágmarki
50 milljónir króna**Fylgiskjöl:**

1. Gögn sem sýna fram á að eigið fé umsækjanda uppfylli lágmarks skilyrði forvalsgagna, að lágmarki ársreikningur síðasta árs.
2. Staðfesting á að umsækjandi sé í skilum með opinber gjöld.
3. Staðfesting á að umsækjandi sé í skilum með lögboðin iðgjöld í lífeyrissjóði.
4. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri.

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A3**Hönnunarstjóri**

Nafn umsækjanda/fyrirtæki:

Nafn og kennitala hönnunarstjóra:

Menntun:

Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af mannvirkjagerð og stjórnun hönnunar stórra bygginga eða byggingaklasa á síðastliðnum 15 árum:

Fylgiskjöl:

1. Ferilskrá með starfsreynslu og menntun.
2. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri.

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A4**Arkitekt**

Nafn umsækjanda/fyrirtæki:

Nafn og kennitala arkitekts:

Menntun:

Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hönnun stórra bygginga og/eða byggingaklasa á síðastliðnum 15 árum og 3ja ára reynslu af stjórnun hönnunar.

Fylgiskjöl:

1. Ferilskrá með starfsreynslu og menntun
2. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A5**Landslagsarkitekt**

Nafn umsækjanda/fyrirtæki:

Nafn og kennitala landslagsarkitekts:

Menntun:

Gerð er krafa um að viðkomandi hafi á síðastliðnum 15 árum unnið 3 ár að hönnun lóða yfir 5.000 m² og búi yfir fjölbreyttri reynslu á þessu sviði. Viðkomandi skal hafa 3ja ára reynslu af stjórnun hönnunar.

Fylgiskjöl:

1. Ferilskrá með starfsreynslu og menntun
2. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:

Formblað A6**Verkfræðihönnuður, burðarvirki**

Nafn umsækjanda/fyrirtæki:

Nafn og kennitala verkfræðings:

Menntun:

Staðfesting með undirritun að viðkomandi sé löggiltur hönnuður samkvæmt kröfum gildandi byggingarreglugerðar og hafi heimild til að skila inn uppdráttum til samþykktar hjá byggingaryfirvöldum á Íslandi:

Yfirlit um 5 ára samanlagða starfsreynslu af hönnun burðarvirkja fyrir stórar og meðalstórar byggingar á síðastliðnum 15 árum og 3ja ára reynslu af stjórnun hönnunar:

Fylgiskjöl:

1. Ferilskrá með starfsreynslu og menntun
2. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Staður:

Dagsetning:

Undirskrift:
